

Mættir: Siggeir, Þórdís, Anna Borg, Kristín, Aðalheiður, Birgir og Ingibjörg. Ingibjörg er boðin velkomin, hún er ný í stjórn kemur inn fyrir Tröllagil í stað Guðjóns.

1. Fræðsla fyrir foreldra í apríl

Ýmsar hugmyndir ræddar:

Skjánotkun barna

Svefn og heilsa barna

Anna og Ingibjörg ætla að athuga með fyrirlesara t.d. Örnú Skúladóttur

2.-4. Sumarferð leikskólans/Athuga með skemmtun í júní/Sveitaferð annað hvert ár

Breyta sumarferð leikskólans í skemmtun í leikskólanum. Of mikið álag á starfsfólk að fara í Heiðmörk ekki eins góð mæting hjá foreldrum. Þess vegna lagt til að breyta í sumargleði í leikskólanum. Rætt um vikuna 11.-15.júní. Ákveðið að hafa annan fund til að skipuleggja þetta betur. Rætt um að hafa grill. Ingibjörg ætlar að athuga hvort Leikhópurinn Lotta sé laus og Anna skoðar Kárius og Baktus. Tímasetning væri seinni partinn. Þórdís ætlar að auglýsa í Facebook hópnum eftir atriðum frá foreldrum.

Skipulagið yrði þá þannig að sveitaferðin sé annað hvert ár og sumargleði í leikskólanum á móti. Sveitaferðin 2019 verður 29.maí.

5. Sumarhátíð leikskólans verður föstudaginn 1.júní kl:15:00.

Vöflusala og foreldrar skoða leikskólann og Grænfánaafhending.

6. Rennt yfir skóladaðatalið 2018-2019

Dagatalið samþykkt. Eins og áður er útskriftarferðin ekki inn á dagatalinu vegna lausra samninga leikskólakennara. Útskriftarferðin verður sett inn seinna.

7. Jólástundin rædd.

Mjög góð mæting svo tímasetningin er betri. Þarf að passa að það sé næg mönnun af foreldrum. Það var erfitt á sumum deildum þegar ekki voru nógu margir foreldrar til að sinna því sem átti að gera. Féll allt á starfsfólkið. Ákveðið að reyna aftur fyrir næstu jól. Skipuleggja betur t.d. að hengja upp lista og auglýsa eftir aðstoðarfólki. Það þurfa að vera tveir á hverri deild. Einnig að vera ekki feimin við að biðja um aðstoð ef á þarf að halda.

8. Foreldrasamtöl rædd

9. Útskriftarferð

Eins og áður. Þrjú dagar tvær nætur. Hópnum skipt tvennt. Stór hópur þetta árið.

10. Hver ber ábyrgð á Facebook síðu?

Þórdís stofnaði síðuna en ábyrgðin er sameiginleg með stjórninni. Þórdís ætlar að senda Önnu slóðina til að senda á alla foreldra í tölvupósti til að minna á síðuna. Einnig ætlar Þórdís að setja inn orðsendingu á síðuna um að minna fólk á að fara út úr hópnum ef barnið

þeirra er hætt á leikskólanum. Stjórnarmenn geta líka tekið fólk út ef það veit um einhverja sem eiga ekki að vera ennþá inni.

11. Þeir sem hætta í stjórn (Siggeir farinn af fundinum)

Siggeir hættir í stjórninni eftir mikið og farsælt starf.

12. Önnur mál

Anna lýsir ástandinu í mönnunarmálum. Það vantar starfsfólk í leikskóla almennt. Erfitt að fá fólk til starfa. Leikskólakennarar að hverfa til annarra starfa að fara út úr greininni. Tveir leikskólakennarar að hætta í vor og fara í önnur störf. Anna búin að ráða þrjá starfsmenn fyrir næsta haust, þar af einn leikskólakennara. Bærinn er búinn að stofna starfshóp til að vinna að breyttum og bættum starfsaðstæðum í leikskólunum.